

From: [Glóey Helgudóttir Finnsdóttir](#)
To: [USK Þjónustu netfang](#)
Subject: FS: Erindi til Skipulags og samgönguráðs v. Þjóðhildarstígs 2-6.
Date: þriðjudagur, 15. október 2019 10:35:18
Attachments: [vöruflutningar 12. ágúst 2019.jpg](#)
[11_Þjóðhildarstígur.pdf](#)
[12.okt.2019.jpg](#)
[12_okt.jpg](#)

Daginn

Getið þið skráð þetta mál fyrir mig, með mig og byggingarfulltrúa sem ábyrgðarmenn og Sigurjónu guðnadóttur sem annan starfsmann. Erindinu er beint til skipulags- og samgönguráðs en ég efast um að það sé réttur viðtakandi, skoða það.

Bestu kveðjur,
Glóey

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

skrifstofustjóri, skrifstofu sviðsstjóra
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
gloey.finnsdottir@reykjavik.is
Sími/Tel: 411 3027 / 411 1111

Frá: Berglind Karitas Thorsteinsdóttir <berglindk2010@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 15. október 2019 09:03
Til: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>
Efni: Fwd: Erindi til Skipulags og samgönguráðs v. Þjóðhildarstígs 2-6.

Góðan dag. Óska eftir staðf. á móttt. erindis míns.
Með kveðju,
Berglind

----- Forwarded message -----

Frá: **Berglind Karitas Thorsteinsdóttir** <berglindk2010@gmail.com>
Date: mán., 14. okt. 2019 kl. 09:28
Subject: Erindi til Skipulags og samgönguráðs v. Þjóðhildarstígs 2-6.
To: Marta Grettisdóttir <marta.grettisdottir@reykjavik.is>
Cc: <Sigurborg.osk.haraldsdottir@reykjavik.is>

Góðan dag. Með vísan í meðfylgjandi ákvörðun borgarráðs um að hafna akstri inn á baklóð Þjóðhildarstígs 2-6, vil ég senda kvörtun til ráðsins vegna umferðar og flutninga v. skemmtanahalds um liðna helgi, samkv. meðfylgjandi myndum.

Byggingarfulltrúi hefur gefið út að ekki muni verða beitt þvingunarúrráðum. Vil benda á, hvað það hlýtur að vera þægilegt fyrir lóðareiganda/leyfishafa sem hefur ekki farið að tilmælum og reglum til margra ára varðandi akstur inn á lóðina, að vita að byggingarfulltrúi muni láta það afskiptalaust að hann haldi uppteknum hætti, í trássi við gildandi deiliskipulag. Sú ákvörðun byggingarfulltrúa, að beita ekki þvingunarúrráðum vegna umferðar á meðan á framkvæmdum stendur, án þess að aðgreina kvöld og næturumferð ótengdri framkvæmdum, hefur leitt til aukinnar umferðar á baklóðinni sem tengist ekkert

framkvæmdum, einungis skemmtanahaldi.

Á sama tíma hafa ENGAR framkvæmdir verið í gangi á lóðinni um tíma.

Andspænis þessari ákvörðun byggingarfulltrúa sitjum uppi með fleiri spurningar en nokkru sinni. Sú þaulsetnasta er hve lengi eigandi geti dregið framkvæmdir en samt verið með viðburði í húsinu og þá akstri á lóðinni? Þá keyra stórir trukkar af borgarlandinu inn á lóðina í tengslum við skemmtanahald, gegn skipulagsáætlunum og gildandi deiliskipulagi.

Til þess að trukkan líkt og á myndinni komist með góðu móti á lóðina, þarf að hluta að nota borgarlandið til aksturs, stika sem á ekki að keyra á samkvæmt skipulagsáætlunum. Borgin á að vera löngu búin að ganga frá þessum stika á snyrtilegan hátt. Borgarráð hefur hafnað akstri inn á lóðina, eftir tillögu Skipulags og samgönguráðs þess efnis, eins og fram hefur komið. Staðan þrátt fyrir það er eins og meðf. myndir sýna.

Þar sem búið er að gefa út að á meðan á framkvæmdum standi verði ekki beitt þvingunarúrræðum, er ekki að sjá að eigandi flýti sér að framkvæma. Auk þess er eigandi að framkvæma þannig að ekki er annað að sjá en að hann ætli sér að keyra þarna. Ótrúlegt er að leyfi hafi verið veitt fyrir veitingarekstri þarna með lóðina ókláraða.

Samfelldur veitingarekstur hefur verið þarna frá 2004. Hvers vegna er ekki farið í að klára þetta sómasamlega í samstarfi bæði borgin og lóðareigandi útfrá athugasemdum Skipulagsfulltrúa um lóðamörk frá 2016? Er eitthvað annað sem gildir um veitingarekstur þarna en annarsstaðar, þ.e. að lóðir í kringum veitingahús skuli vera frágengnar þegar viðburðir eru í húsi?

Ótrúlegt er hvernig mál hafa þróast frá því lögfræðingi sviðsins var falið að senda mér bréf árið 2014, þar sem hann sagði engan veg vera á teikningum og fullvissaði mig um að málið væri í góðum farvegi hjá embættinu. Ennþá sitjum við uppi með sömu stöðu nema í þetta sinn hefur byggingarfulltrúi fullvissað eiganda/leyfishafa að hann muni ekki beita þvingunarúrræðum.

Þessi ákvörðun er valdbeiting í mínum huga sem fer gegn grenndarhagsmunum sem ég veit ekki til að neinn sé að vernda með slíkri ákvarðanatöku, heldur þvert á móti.

Með kveðju,
Berglind